

Héraðsdómur Vesturlands



D Ó M U R

23. desember 2025

Mál nr. S-252/2025

Lögrelustjórinn á Vesturlandi
(*Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X
(*Snorri Steinn Vídal lögmaður, verjandi ákærða*)

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 23. desember 2025

I. Málsmeðferð, ákæruskjal og dómkröfur aðila

1. Mál þetta er höfðað með ákæru Lögreglustjórans á Vesturlandi, útgefinni 29. ágúst 2025, á hendur [X...], kt. ..., með ótilgreint lögheimili,

2. Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða:

„... fyrir tolla-, lyfja- og fíkniefnalagabrot með því að hafa föstudaginn ... haft í vörslum sínum við komu til Keflavíkurflugvallar, sem farþegi í flugi nr. ESY6021 frá Bristol í Englandi, 540 stk. af Rivotril 2 mg, 60 stk. af Medikinat 60 mg, 30 stk. af Zolpidem Norman 10 mg, 14 stk. af Stilnox 10 mg., 355 stk. af Alprazolem 2 mg, 240 stk. af Zolpidem 10 mg og 30 stk. af Clonazepam Neuraxpharm 2 mg; sem voru umfram heimildir varðandi magn lyfseðilsskyldra ávanabindandi lyfja sem einstaklingum með lögheimili á Íslandi er heimilt að hafa meðferðis við komu til landsins, hafi lyfjanna verið aflað erlendis.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 170. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 3. gr., sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1277/2022 um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota, sbr. 3. mgr. 31. gr. og a-lið 2. mgr. 103. gr., sbr. 104. gr., lyfjalaga nr. 100/2020 og 2. og 3. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess jafnframt krafist að 540 stk. af Rivotril 2 mg, 60 stk. af Medikinat 60 mg, 30 stk. af Zolpidem Norman 10 mg, 14 stk. af Stilnox 10 mg, 355 stk. af Alprazolem 2 mg, 240 stk. af Zolpidem 10 mg og 30 stk. af Clonazepam Neuraxpharm 2 mg, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, verði gerð upptæk með dómi samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 með síðari breytingum.“

3. Ákæruvaldið krefst sakfellingar samkvæmt ákæru en verði niðurstaðan sakfelling yrði refsing hegningarauki við fjögurra mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm ákærða og því ekki krafist að ákærða verði gerð frekari refsing. Verjandi krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður, til vara að honum verði ekki gerð refsing og til þrautavara að honum verði gerð vægasta refsing er lög leyfa og hún verði skilorðsbundin að fullu. Loks krefst verjandi málsvarnarlauna sér til handa sem greiðist úr ríkissjóði.

4. Aðalmeðferð málsins fór fram 9. desember sl., með skýrslutöku af ákærðu og vitnum. Að loknum munnlegum málflutningi var málið dómtekið. Mál þetta var rekið samhliða máli nr. S-251/2025 en í því máli er sambýliskona ákærða ákærð fyrir samskonar brot vegna sama atviks. Þó er um að ræða mismunandi magn og aðra samsetningu á haldlögðum lyfjum milli mála.

II. Málsatvik

5. Fram kemur í gögnum málsins að föstudaginn ... hafi ákærði komið ásamt sambýliskonu sinni, [A...], til Íslands með flugi frá Bristol á Englandi en þar höfðu þau millilent á leið sinni frá Alicante á Spáni. Við komuna til Íslands var hann ásamt sambýliskonu sinni stöðvaður af tollvörðum við svokallað *græna hlið* sem er tollhlið merkt *enginn tollskyldur varningur*. Ákærði kvaðst reyndar fyrir dómi hafa gengið rakleitt að rauðu hliði við komuna til landsins. Við skoðun

á farangri þeirra hafi fundist umtalsvert magn af lyfseðilsskyldum ávanabindandi lyfjum. Þau hafi framvísað handskrifuðum lyfseðlum fyrir lyfjunum, útgefnum af spænskum lækni. Í samræmi við gildandi reglugerð nr. 1277/2022, um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota, hafi þeim verið heimilað að taka með sér vikuskammt af lyfjunum í samræmi við skilgreinda dagsþörf. Önnur lyf sem tollverðir töldu vera umfram heimildir, með vísan til tollalaga nr. 88/2005 og ákvæða í reglugerð nr. 1277/2022, voru haldlögð.

6. Þann 14. júní 2023 sendi Tollgæslustjóri Lögreglustjóranum á Vesturlandi kæru vegna meints brots ákærða á tollalögum nr. 88/2005, lyfjalögum nr. 100/2020 og reglugerð nr. 1277/2022, um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota.

7. Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglunni á Akranesi þann 5. september 2023. Í skýrslutökunni kom fram að ákærði hafi talið að sér væri heimilt, samkvæmt þeim upplýsingum sem birtar væru á heimasíðu Lyfjastofnunar, að koma með til landsins það magn lyfja sem hann hafði meðferðis. Hann kvaðst einnig hafa hringt í Lyfjastofnun og fengið upplýsingar hjá þeim um hvað hann mætti taka með mikið magn af lyfjum til landsins.

8. Með bréfi, dags. 19. júlí 2024, var Tollgæslustjóra og ákærðu tilkynnt að Lögreglustjórinn á Vesturlandi hefði fellt málið niður með vísan til 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Tollgæslustjóri kærði þá ákvörðun til Ríkissaksóknara, sem með ákvörðun, dags. 22. október 2024, felldi úr gildi ákvörðun Lögreglustjórans á Vesturlandi, um að fella málið niður.

III. Skýrslur fyrir dómi

9. Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi og lýsti því að hann og sambýliskona hans ferðist reglulega til Íslands frá Spáni og þá oft með lyfseðilsskyld lyf meðferðis. Þau hafi alltaf verið mjög nákvæm með það hvað þau megi taka mikið magn af lyfjum með sér. Þau hafi áður verið leidd út úr Flugstöð Leifs Eiríkssonar í handjárnnum og vilji ekki að það endurtaki sig. Þau hafi því dagana fyrir ferðalagið til Íslands farið vel yfir reglur á heimasíðu Lyfjastofnunar um það hversu mikið magn af lyfjum einstaklingar megi taka með sér til landsins. Þá hafi þau sömuleiðis haft samband við Lyfjastofnun daginn fyrir ferðalagið og fengið sömu upplýsingar og finna hafi mátt á heimasíðu stofnunarinnar. Þegar þau hafi komið til Íslands hafi tollverðir sagt þeim að lögnum hefði verið breytt og sýnt þeim útprentað blað með reglugerðinni undirritaðri af ráðherra. Þessi reglugerð hafi ekki verið á heimasíðunni þegar þau lögðu af stað til Íslands. Í framhaldinu hafi þau verið færð út í handjárnnum. Aðspurður hvort öll lyfin hafi verið til einkaneyslu svaraði ákærði því játandi, hann sé flogaveikur og þá notist þau bæði við adhd-lyf, svefnlyf og kvíðalyf. Þau hafi verið búsett á Spáni og noti lyfin daglega. Spurður hvort þau hafi ætlað aftur til Spánar sagði ákærði að þau hafi haft þann háttinn á að kaupa miða til Íslands aðra leið og dvalið þá hjá fjölskyldu á meðan á dvölinni stæði, farið svo aftur til Spánar. Þetta hafi þau gert undanfarin fjögur ár. Aðspurður hvort lyfjunum hafi verið ávísað af lækni á Spáni svaraði ákærði því játandi og sagði jafnframt að þau hafi verið með öll gögn frá læknum, lyfseðla sem og ferðaseðil frá læknum um það hvað þau mættu taka með sér, en lyfin hafi þau keypt í apóteki á Spáni. Aðspurður hvaðan þau hafi flogið svaraði ákærði að þau hefðu verið að koma frá Alicante en hann minnti að þau hefðu millilent í Bristol. Ákærði sagðist aðspurður hafa verið með lögheimili á Íslandi þegar umrætt atvik átti sér stað. Kvaðst hann ekkert hafa verið að fela lyfin og hann hafi farið upp að rauða hliðinu við komuna til landsins og framvísað lyfjunum. Það hafi hann gert því hann sé alltaf stöðvaður í tollinum en hafi þó ekki sætt ákæru áður.

10. Vitnið tollvörður nr. 0807 gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað. Kvaðst hann muna til þess að ákærði og sambyliskona hans hafi komið í græna hliðið við komu sína til landsins og þar hafi tollverðir tekið það sem þau hafi haft umfram heimild af lyfseðilsskyldum lyfjum. Aðspurður hvort þau hafi verið færð í járn og í fangaklefa kvaðst vitnið ekki muna til þess, kvaðst vitnið muna að tollverðir hafi átt í góðum samskiptum við ákærða.

11. Vitnið tollvörður nr. 1611 gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað en ekki þykir þörf á því að rekja þann framburð þar sem vitnið mundi ekki eftir atvikum.

IV. Niðurstaða

12. Ákærða er gefið að sök tolla-, lyfja- og fíkniefnalagabrot með því að hafa föstudaginn 10. mars 2023 haft í vörslum sínum við komu til Keflavíkurflugvallar, sem farþegi í flugi nr. ESY6021 frá Bristol í Englandi, talsvert magn af lyfjum, sbr. nánar ákæruskjal, sem voru umfram heimildir varðandi magn lyfseðilsskyldra ávanabindandi lyfja sem einstaklingum með lögheimili á Íslandi er heimilt að hafa meðferðis við komu til landsins, hafi lyfjanna verið aflað erlendis.

13. Ákærði hefur samþykkt atvikalýsingu í ákæru en neitar sök. Vörn ákærða byggir einkum á því að ákvæði reglugerðar nr. 1277/2022 feli í sér ólögmeta mismunun þeirra sem eru með lögheimili á Íslandi og þeirra sem eru með lögheimili erlendis. Brjóti það gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár Íslands, sbr. 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá er á því byggt að ákærði skuli sýknaður á þeim grundvelli að á stjórnvöldum hvíli sú skylda að kynna fyrirhugaða stjórn-sýsluframkvæmd með nægilegum fyrirvara þannig að þeir sem breytingin sérstaklega varðar geti gert viðeigandi ráðstafanir, það hafi ekki verið gert og ákærði verið í góðri trú. Þá uppfylli breyting sú sem stjórnvöld gerðu með setningu reglugerðar nr. 1277/2022 ekki skilyrði lögmætisreglunnar.

14. Í málinu liggur fyrir að með bréfi 19. júlí 2024 felldi Lögreglustjórinn á Vesturlandi niður mál þetta á þeim grundvelli að það væri ekki nægjanlegt eða líklegt til sakfellis. Sú ákvörðun var kærð og í bréfi til Ríkissaksóknara 19. ágúst sama ár útskýrði lögreglustjóri ástæður fyrir niðurfellingu málsins. Þar er rakinn mjög eindreginn framburður ákærða alveg frá handtöku og síðar í málinu um að hann hafi talið sér heimilt að hafa umrætt magn lyfja með sér. Byggti hann þá skoðun sína á upplýsingum af heimasíðu Lyfjastofnunar. Í bréfi frá embætti Ríkissaksóknara 22. október 2024, þar sem ákvörðun lögreglustjóra var felld úr gildi og lagt fyrir hann að höfða sakamál á hendur ákærða, segir um þetta atriði: *Þrátt fyrir að færa megi fyrir því rök að upplýsingar sem fram komu á heimasíðu Lyfjastofnunar á þessum tíma hafi verið misvísandi þá hefði þrátt fyrir það ekki verið unnt að túlka þær upplýsingar á þann hátt að heimilt hefði verið að flytja inn þessi tilteknu lyf í því magni sem um ræðir, án frekari athugunar og uppflettingar. Auk þess kemur þar fram að um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota gildi ákvæði reglugerðar nr. 212/1998 með síðari breytingum en reglugerðinni hefur verið breytt í þrígang síðan 1998. Þá er þar einnig skýrt tekið fram að það sé á ábyrgð einstaklings að kynna sér þær reglur sem gilda um innflutning lyfja til eigin nota. Gildandi regluverk, þ.m.t. reglugerð nr. 1277/202[2], var birt og öllum aðgengileg þegar kærði kom hingað til landsins með umrædd lyf.*

15. Miðað við framlögð gögn málsins er ekki hægt að fallast á það með embætti Ríkissaksóknara að upplýsingar á heimasíðu Lyfjastofnunar hafi á þessum tíma verið misvísandi. Þvert á móti hefur það ekki verið hrakið í málinu af ákæruvaldinu að þessar upplýsingar sem voru aðgengi- legar almenningi og vafalaust ætlaðar til eftirbreytni hafi beinlínis verið rangar. Þær hafi verið

rangar bæði fyrir og einnig talsvert eftir hið meinta brot. Af upplýsingum á síðunni varð þannig ekki annað ráðið en að um innflutninginn giltu ákvæði reglugerðar nr. 212/1998. Það vekur sérstaka athygli í þessu sambandi að á *kvittunum* Tollgæslu 17. mars 2023, vegna haldlagningar á lyfjum ákærða er haldlagningin sögð vegna brota á reglugerð 212/1998 sem þó féll úr gildi í nóvember 2022.

16. Ákærði og sambýliskona hans hafa lagt fram gögn um að þau hafi ferðast til landsins margsinnis áður frá Spáni, eða alls átta sinnum frá 2021, með sambærilegt magn af lyfjum og ætíð verið stöðvuð en að lokinni athugun hafi haldlögðum lyfjum verið skilað og engin eftirmál orðið. Þeim hafi hins vegar verið með öllu ókunnugt um að áður en þau héldu í umrædda ferð hefði orðið sú breyting að reglugerð nr. 212/1998 sem vísað var til á vef Lyfjastofnunar hafði verið felld úr gildi og ný reglugerð nr. 1277/2022 tekið gildi og leyst hina fyrri af hólmi. Þar hafi verið kveðið á um strangari reglur sem bönnuðu þann innflutning sem ákærðu töldu sér heimilan. Þetta var fyrsta ferð ákærðu eftir umrædda breytingu.

17. Þá hefur það ekki verið dregið í efa hér fyrir dómi að umrædd lyf hafi verið ætluð ákærða sjálfum og séu honum nauðsynleg samkvæmt læknisráði og fyrir þeim öllum voru lyfseðlar frá spænskum lækni hverra gildi hefur ekki verið dregið í efa. Jafnframt er enginn ágreiningur gerður um að engin sérstök leynd hafi hvílt yfir þessum *innflutningi* af hálfu ákærða og lyfin hafi blasað við tollvörðum um leið og farangurstaska ákærða var opnuð. Þá verður að ganga út frá því eins og málið er lagt fyrir dóminn að þær tegundir lyfja og í því magni sem haldlagt var umrætt sinn hefði ákærða verið heimilt að koma með til landsins ef reglugerð nr. 212/1998 hefði enn verið í fullu gildi. Því hefur þannig hvergi verið haldið fram eða rökstutt í málinu að innflutningur þessara lyfja hafi jafnframt verið að hluta eða öllu óheimill samkvæmt þeirri reglugerð. Var þetta staðfest við munnlegan málflutning af ákæruvaldinu eftir fyrirspurn dómara.

18. Almennt leysir lögvilla geranda ekki undan refsíabýrgð en getur vissulega haft áhrif við ákvörðun viðurlaga við broti. Er þannig gengið út frá því að almennir borgarar skuli þekkja gildandi lög og reglur og það tjói ekki að bera því við eftir refsivert brot að viðkomandi hafi ekki vitað að háttsemi hans væri honum óheimil eða hann misskilið eða mistúlkað reglu. Þó er gengið út frá því að lögum og reglum sem banna tiltekna háttsemi verði ekki beitt sem refsíheimild nema birting þeirra hafi átt sér stað með tíðkanlegum og lögmæltum hætti. Svokölluð óeiginleg lögvilla getur líkt og villa um staðreyndir hins vegar haft áhrif á refsínæmi verknaðar og leitt til refsileysis.

19. Ekki hefur verið gerður ágreiningur um það að þegar ákærði var handtekinn við komu hingað til lands hafði tekið gildi ný reglugerð, sbr. framangreint. Ekki er ástæða með vísan til niðurstöðu málsins til að fjalla um hvort með setningu reglugerðar nr. 1277/2022 hafi lögmætisregla verið brotin, þ.e. að reglugerðina hafi skort nægjanlega lagastoð þegar hún var sett, en ágreiningslaust er að ný reglugerð bannaði þann innflutning sem um ræðir.

20. Dómurinn telur á hinn bóginn með vísan til framangreindra atvika málsins að ósannað sé með öllu að ákærði hafi brotið gegn umræddri reglugerð af ásetningi eða gáleysi. Í 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er orðuð sú regla að verknaður sem refsing er lögð við í þeim lögum sé ekki saknæmur nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi en reglan hefur almennt gildi við mat á refsínæmi verknaðar þótt um sérrefsilög ræði, sbr. og í þessu máli 1. mgr. 104. gr. lyfjalaga

nr. 100/2020. Ákærvaldið ber sönnunarbyrði fyrir því að þessi skilyrði séu uppfyllt sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

21. Ákærvaldið hefur í raun ekki dregið í efa að ákærði hafi umrætt sinn verið í góðri trú og þannig ekki vitað betur, en sú huglæga afstaða skipti hins vegar ekki máli varðandi refsinaemi verknaðarins sem brjóti í bága við skýrt bann reglugerðarinnar. Ekki verður fallist á þennan mála-tilbúnað ákærvaldsins. Ekki hefur verið vefengd sú málsvörn ákærða, sbr. framangreint, að hann hafi haft nákvæmlega sama háttinn á í fjölda annarra skipta og staðreynt það sérstaklega, áður en hann ásamt sambýliskonu sinni ferðaðist til Íslands í umrætt sinn, á opinberri upplýsingasíðu stjórnvalds hvaða heimildir hann hefði í þessum efnunum. Verður að líta svo á að sannanleg villa ákærða í þessum efnunum hafi verið afsakanleg í framangreindu ljósi og að ekki sé hægt að líta á háttsemi hans umrætt sinn sem refsivert gáleysi. Þegar af þeirri ástæðu að huglæg skilyrði skortir fyrir refsinaemi verknaðarins verður ákærði sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

22. Með vísan til framangreindrar niðurstöðu og samkvæmt 2. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 verður þóknun og annar kostnaður verjanda ákærða greiddur úr ríkissjóði en ekki er upplýst um annan sakarkostnað. Þóknun verður ákveðin með hliðsjón af framlögðu yfirliti, umfangi málsins og reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2025 og að teknu tilliti til þess að sami verjandi annaðist vörn í máli sambýliskonu ákærða í máli nr. S-251/2025, sbr. framangreinda umfjöllun. Þóknun verjanda er ákveðin með virðisaukaskatti 670.000 krónur. Jafnframt greiðist úr ríkissjóði aksturskostnaður verjanda með sömu formerkjum 21.312 krónur.

23. Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari flutti málið fyrir dómi af hálfu ákærvalds.

24. Dóm þennan kveður upp Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari á Vesturlandi.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, [X...], er sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Þóknun skipaðs verjanda ákærða, Snorra Steins Vidal lögmanns, að fjárhæð 670.000 krónur ásamt aksturskostnaði að fjárhæð 21.312 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Lárentsínus Kristjánsson